



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið



2023 – 2024



### Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

## Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans Bergs .....	3
1 Greinargerð leikskólastjóra .....	3
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023 .....	6
3 Innra mat Álfasteins .....	9
4 Innra mat Dvergasteins .....	13
5 Innra mat sérkennslu.....	21
6 Innra mat – fjöltyngd börn .....	22
7 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	23
8 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	23
9 Foreldrasamvinna.....	26
10 Skipulagsdagar og leikskóladagatal .....	27
10.1 Fylgiskjal 1 .....	27
10.2 Fylgiskjal 2 .....	28



# Leiðarljós leikskólans Bergs

Virðing – samvinna – metnaður



## 1 Greinargerð leikskólastjóra

Ágúst mánuður fór að mestu leyti í aðlögun nýrra barna og starfsfólk var að tynast inn eftir sumarfrí, þar á meðal tveir nýir deildarstjórar sem mættu fullir af orku og tilhlökkun fyrir komandi vetri. Í lok ágúst voru flestir komnir til vinnu og aðlögun langt komin. Um miðjan september vorum við komin á fullt í skipulagðri vinnu með börnunum.

Um miðjan ágúst settum við niður góðan slatta af túlípanalaukum sem eru að gleðja okkur núna þessa dagana og tókum upp kartöflur. Hæurnar okkar Ásta, Blóma og Hjarta eru duglegar að verpa og flesta föstudaga í vetur hafa verið bakaðar vöflur eða annað góðgæti úr eggjunum þeirra.

Það var mikill metnaður hjá okkur við gerð síðustu starfsáætlunar og margt sem okkur langaði að gera betur eða bæta við. Í heildina hefur okkur tekist það enda mikil áhersla lögð á innra mat þetta skólaár þannig að við gátum brugðist fyrir við því sem okkur fannst við þurfa að laga, en áður.



Eitt af því sem við höfum rætt mikið er hvernig starfsmenn tala til barnanna og hvernig við hvetjum þau áfram á jákvæðan og uppbyggilegan hátt. Í framhaldi af þeim umræðum og þælingum með innra mat ákváðum við að innleiða hugmyndafræðina *Vaxandi hugafar*. Þessi hugmyndafræði gengur út á það að hvetja börnin áfram með jákvæðum og kærleiksríkum aga og hvatningu. Það var því meðvituð ákvörðun að fresta útgáfu Námskrár sem er í vinnslu svo hugmyndafræðin væri að fullu komin í hana. Það er komið gott skipulag á innra mati hjá okkur og höldum við því skipulagi áfram næsta skólaár.

Komin er góð vinna í gang með að útbúa hugmyndamöppur fyrir báðar deildir sem tengjast þemunum okkar sem eru fjögur yfir veturinn, þetta er gert til að festa í sessi góð verkefni og til að hjálpa nýju starfsfólki að finna verkefni við hæfi. Við afmörkuðum áherslur í þemastarfi betur og mótuðum þær betur með tilliti til aldurs barnanna. Lýðræði og þátttaka barna var eitt af því sem við vildum skerpa á og unnum markvisst að því allt skólaárið, það gekk vel og munum við halda þeirri



vinnu áfram. Meðal annars tóku þrír elstu árgangarnir þátt í innra mati skólans og munum við taka tillit til þeirra skoðana til að gera góðan leikskóla enn betri.

Elstu börnin fóru í margar menningarferðir til Reykjavíkur í vetur. Það er mikilvægt að börnin fái að upplifa list og listsköpun af ýmsu tagi, það mótar þau fyrir framtíðina. Þau fóru einnig á námskeið á vegum Myndlistarskóla Reykjavíkur sem heppnaðist frábærlega.

Leikskólinn sótti um styrk vegna Barnamenningarhátíðar sem var í apríl og fékk hann. Styrkurinn var notaður til að kaupa vörur í listsköpun og búninga fyrir leikritið *Friðarfuglinn* sem börnin sömdu og léku á hátíðinni. Húsið var allt skreytt og myndir af fjölskyldum og vinum barnanna í fjarlægum löndum prýddu leikskólann.



Grænfánavinna er stór þáttur í vinnu okkar hér á Bergi enda rík hefð fyrir flokkun og að allir hugsi vel um umhverfið. Matarsóunarvikur eru fastir liðir nokkrum sinnum yfir veturinn og það heyrst oft í barnahópnum að verið sé að henda peningum þegar mat er hent.

Við flögguðum grænfánanum í fimmta sinn nú í maí og eftir lýðræðislega kosningu allra nemenda að fjögurra ára aldri var þemað *Átthagar og landslag* valið.

Í vetur fékk leik- og grunnskólinn viðurkenninguna *græn skref í rekstri*, öll fjögur skrefin sem er okkur mikið gleðiefni og styður enn betur við grænfánavinnuna okkar.

Á síðasta starfsári fór mikið af starfsfólki á hin ýmsu námskeið, allir glaðir að geta bætt við sig vitneskju eftir COVID-19 tímabilið þar sem enginn komst neitt.



Við vorum svo heppin að leikskólakennaranemi kom til okkar í þrjár vikur í vetur, það er alltaf hressandi fyrir starfsmenn að fá nýjar og ferskar hugmyndir beint úr faginu.


Til að toppa öll skemmtilegu og fræðandi námskeiðin sem starfsfólk nýtti sér í vetur, fór allur starfsmannahópurinn, leikskólinn og Klébergsskóli saman í námsferð til Verona. Þetta var ógleymanleg ferð þar sem við fræddumst mikið en ekki síst þjappaði ferðin öllum starfsmönnum betur saman.



Í síðustu starfsáætlun ákváðum við að skoða fagmennsku starfsfólks og menningu innan leikskólans, hvernig viðmót starfsfólks endurspeglast gagnvart börnum og foreldrum. Niðurstöður innra mats bendir til þess að okkur hafi gengið vel að bæta viðmót og starfsandann í leikskólanum sem er okkur mikið gleðiefni og munum við halda áfram þeirri vinnu.

Við vorum líka með þau markmið að bæta upplýsingaflæði og samvinnu við foreldra, það gekk vel. Deildarstjórar hafa fengið mikið hrós fyrir vikulegu póstana sem þeir senda foreldrum og við erum byrjuð að senda foreldrum upplýsingar og myndir í fréttabréfum á tenglum og stefnum við á að senda frá okkur þessi fréttabréf tvisvar til þrisvar á vetri.

Foreldrafélagið okkar er mjög virkt og gaman hvað margar góðar hugmyndir hafa sprottið upp á síðastliðnum vetri. Við bættum við skemmtilegu jólaföndri við fasta viðburði sem foreldrum er boðið á í leikskólanum og ætlum að bæta haustfagnaði við í september. Foreldrar í félaginu hafa líka tekið virkan þátt í innra mati sem er okkur mjög dýrmætt til að fá sem besta mynd á vinnu okkar í leikskólanum. Leikskólanum barst vegleg gjöf frá kvenfélagi Kjósarhrepps fyrir tilstilli foreldrafélagsins á haustmánuðum. Foreldraviðtöl hafa verið tvisvar á vetri en fleiri ef foreldrar eða deildarstjórar óska eftir því.



## 2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023

### Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
<b>Læsi og málörvun á báðum deildum</b>	Farið yfir vinnu og skipulag.	Starfsmenn, börn og foreldrar	Á heildina litið gengið vel en þarf að fylgja verkefnum betur eftir.
<b>Mannauður</b>	Á deildarfundum þar sem starfsmenn mátu vinnu sína og annarra.	Starfsfólk og foreldrar	Starfsfólk fær að njóta sín þar sem styrkleikar þeirra njóta sín og fara á námskeið sem nýtist í starfi.
<b>Stjórnun</b>	Á deildarfundum þar sem starfsmenn lögðu mat á stjórnun stjórnunarteymis.	Starfsfólk og foreldrar	Almenn sátt í húsinu með stjórnendateymið, þ.e. aðstoðarleikskólastjóra og deildarstjóra beggja deilda.
<b>Leikskólabragur</b>	Á deildar- og foreldrafundum.	Starfsfólk og foreldrar	Góð móttaka barna á morgnana og meiri léttleiki yfir húsinu.
<b>Þátttaka barna í innra mati</b>	Þau fengu blöð í foreldraviðtölum með mismunandi broskörlum.	Börn fædd 2017, 2018 og 2019	Börnin svöruðu með brosandí broskarli á flestum stöðum, það var helst hvíldin sem þeim fannst erfið.



## Ytra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
<p><b>Foreldrakönnun</b></p> <p><b>Þekking foreldra á stefnu leikskólans hækkaði töluvert frá síðustu könnun, ásamt upplýsingastreymi til foreldra.</b></p> <p><b>Samskipti og viðmót starfsmanna gangvart börnunum hækkaði frá síðustu könnun en við viljum fá meiri hækkun næst og munum því vinna sérstaklega í því.</b></p>	Tölvupóstur	Foreldrar	<p>Heildarmat 4,27</p> <p>Við höfum unnið markvisst í því að kynna stefnu og gildi leikskólans fyrir foreldrum og það skilaði sér greinilega í könnuninni. Upplýsingastreymi til foreldra var líka eitt af því sem við vildum laga og það hefur greinilega tekist og við höldum áfram á sömu leið.</p> <p>Unnið verður áfram með að laga samskipti og viðmót starfsmanna gagnvart börnunum.</p>
<p><b>Viðhorfskönnun starfsmanna 2023</b></p>	Tölvupóstur með spurningum	Starfsmenn	<p>Heildarmat 4,06 Mesta óánægja voru launakjör 3,28</p> <p>Meðalskor í Rvk. var 3,5</p>



## Umbótaáætlun leikskólans 2023-2024

UMBÓTA-ÞÁTTUR/ MATS-ÞÁTTUR	Tæki-færi til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
<b>Stjórnun</b>							
Faglegt samstarf	Þema möppur	Dreifa ábyrgð	Deildarstjórar og aðstoðarleikskólastjóri	Sept 2023	Maí 2024	Safna gögnum í hugmyndamöpp -una og endurmatsblöð/ skráningarblöð frá starfsfólki svo hægt sé að endurmeta og bæta jafnóðum	Starfsánægja og allir starfsmenn öruggir í sínum hlutverkum
Námskrá og innra mat							
Mannauður Faglegur metnaður	Nám-skeið og fræðsla	Leshringir og um-ræður milli starfs-manna	Aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjórar	Sept 2023	Maí 2024	Á deildarfundum einu sinni í mánuði	Að starfsfólk þekki stefnu leikskólans og vinni eftir henni
<b>Uppeldis- og mennta-starf</b>							
Lýðræði	Börn taka þátt í innra mati	Regluleg viðtöl við börnin og myndir af leikföngum , viðfangs-efnum	Deildarstjórar hópstjórar			Niðurstöður úr viðtölum notaðar til að breyta eftir lýðræðisleg skoðanaskipti	Margir broskarlar í innra mati barnanna





Leikskóla- bragur							
Velliðan og líðan barna, vinátta og tengsl	Í hópa- starfi og frjálsum leik	Námsefni Blær, hópstjóri fer inn í leik og kennir samskipti	Deildarstjórar og hópstjórar			Hvernig andrúmsloft er á milli barna. Er hjálpsemi og samkennd ríkjandi?	Samheldinn barnahópur

### 3 Innra mat Álfasteins

#### Árgangar (2017, 2018, 2019)

Aðaláherslur okkar í starfi með börnunum á Álfasteini síðastliðið skólaár voru félagsfærni, málörvun, sköpun og sérstök vinna með elstu börnunum sem miðar að því að undirbúa þau fyrir grunnskólann. Markvisst var unnið með Grænfánann, vissar greinar barnasáttmálans og fjölmenningu.

Við erum nokkuð ánægð með hversu mörgum markmiðum við náðum þótt alltaf megi gera betur.

Í upphafi skólaárs kom nýr deildarstjóri til starfa og af því í umbótaáætlun 2022 – 2023 voru markmið sem miðuðu að fagmennsku stjórnenda og deildarstjóra, var lögð mikil áhersla á að vera með umræður reglulega á deildarfundum hvernig stjórnendateyminu gengi í samvinnu, samskiptum og faglegri endurgjöf til starfsmanna. Niðurstöður af þeim fundum var að stjórnendateyminu gengi vel og starfsmenn ánægðir með nýja deildarstjóran sinn. Stjórnendur fóru saman á námskeið til að styrkja stjórnendur í starfi.

Eins og við ákváðum í endurmati 2021 lengdum við í þeim sem við höfum haft undanfarin ár. Þetta eru fjögur þema, tvö fyrir áramót og tvö eftir áramót. Það kemur mun betur út og allir sáttir við það. Í byrjun september er fyrsta þema, ég sjálf / sjálfur. Í því þema er unnið með sjálfsmyndir, fjölskyldur barnanna, líkamsparta og fleira. Það er líka unnið með vissar greinar Barnasáttmálans (2, 3 og 5). Náttúran og fjaran er líka fléttuð inn í þetta fyrsta þema. Seinna þemað eru jólin og byrjar það þema um mánaðarmót nóv./des. Eftir áramót eru íslenskir siðir og fjölmennung sem endar með menningarmóti þar sem foreldrum er boðið að snæða mat frá ýmsum þjóðlöndum. Barnamenningarhátíðin setti líka svip sinn á vinnu okkar í apríl en ýmislegt skemmtilegt var gert í tilefni af henni. Í byrjun maí byrjar síðasta þemað okkar, nærumhverfið, náttúran og dýrin.

**Félagsfærni:** Mikil áhersla er lögð á að vinna með samvinnu, umburðarlyndi, hugrekki, þrautseigju og umhyggju með barnahópnum. Það er gert í gegnum leiki, sögur lesnar og söngvar sungnir. Vináttuverkefnið Blær er mikið notað, þar eru góðar félagsfærnisögur sem eru lesnar fyrir börnin og þeim sýndar myndir þar sem að þau eiga að túlka myndirnar út frá því sem að þau halda að sé að gerast, með því erum við að reyna að fá börnin til þess að setja sig í aðstæðurnar sem að upp



koma hverju sinni í barnahópum. Reglulegar umræður um hvernig eigi að koma fram hvert við annað, við erum öll ólík og allir hafa rétt á sínum skoðunum.

Blær bangsi fór heim með börnum um helgar í vetur. Þar fékk bangsi að taka þátt í öllu því sem barnið var að gera, þetta ýtir undir að börnin þurfi að segja frá hvað þau gerðu með bangsa og það eflir málþroska barnanna.

Við höfum verið að vinna með nudd sem að hjálpar börnunum að átta sig á því hvort að maður vilji láta snerta sig eða ekki, börnin eru þöruð tvö og tvö saman og er passað upp á að sömu börnin lendi ekki oft saman til þess að reyna að fá þau öll til þess að mynda tengsl. Í nuddstund er lesin texti sem er rólegur og þægilegur, á meðan sagan er lesin þá sýnir kennarinn einnig hvernig nudd börnin eiga að gera við félaganna sinn. Nuddið gekk þokkalega en nokkur börn vildu ekki láta nudda sig og það smitaði út frá sér, en reynt var að vinna úr því þannig að þau nudduðu sig sjálf.



Bína Bálreiða hefur virkað vel fyrir yngsta fólkið á deildinni hjá okkur, þar er þeim kennt að bíða, hlusta og passa hendur með hjálp mynda af Bínu og einnig sögum sem eru lesnar fyrir þau.

**Málörvun (2017, 2018, 2019):** Við erum að vinna með Gefðu 10.

Þar settum við upp kerfi þar sem að hver og einn kennari er með krukku með nöfnum af nokkrum börnum af deildinni viku í senn, kennarinn sinnir þessum börnum sérstaklega með því að ræða við þau, spila og hlusta á hvað þau hafa að segja. Þannig gátum við gefið börnunum jafnari tíma í málörvun og ekkert barn gleymdist. Krukkurnar gengu mjög vel til þess að byrja með, en með tímanum gekk starfsfólki illa að muna hvaða börnum þau ættu að sinna. Ef starfsmenn náðu ekki að sinna sínum börnum um morguninn var mun minni tími eftir hádegi vegna færri starfsfólks.

Erlendu börnunum er sérstaklega sinnt með því að spila við þau, þeim sýndar myndir af daglegum athöfnum og tvö börn sem byrjuðu í haust fengu hálsband með dagsskipulaginu á meðan þau voru að átta sig á því. Með þessu fyrirkomulagi voru þau sneggri að ná valdi á íslenski tungu.

Það er mikil spilamenning á deildinni börnin fara að meðaltali einu sinni á dag í hin ýmsu spil s.s. Alians, tvennu (samstæðu spil), lottó, rím spil og veiðimann svo eitthvað sé nefnt. Sérstaklega er hugað að börnum sem þurfa á málörvun að halda.

Við vinnum líka mikið með Leikur að læra, þar læra börnin í gengum leik að efla félagsþroskann, líkamsparta, bók- og tölustafi. Þeim finnast þessi námsleið skemmtileg því það er svo mikil hreyfing sem á sér stað í náminu.

Lubbi kennir börnunum hljóðvitund og er einn stafur tekinn í viku, farið yfir vísu í bókinni (Lubbi) og fundið orð út frá stafnum sem að við erum að vinna með. Lubbalögin eru líka sungin og njóta mikilla vinsælda meðal barnanna.

Börnunum eru kenndar vísur og þulur við matarborð, framhaldssaga er einnig lesin fyrir börnin og þau spurð út úr sögunni til þess að athuga hvort að þau séu að hlusta og viti söguþráðinn í bókinni. Vísur við matarborð hafa gengið ágætlega, en ætlum að hafa breytingu á og láta öll börnin fara með vísu saman í samverustund áður en þau fara að matarborðum hin leiðin olli of miklum klið í matsalnum.



## Sköpun og menning(2017):

Einu sinni í viku fóru börnin í Grænfánaverkefni, í samræmi við þema sem var Hnattrænt jafnrétti.

Þar var farið í mismunandi lífnaðarhætti barna og menningu þeirra, héldum við okkur mest við þjóðerni barnanna á leikskólanum.

Börnunum voru sýndar myndir af fánum hvers lands, þau frædd um lífnaðarhætti þeirra og einnig sýnd myndskreið og notast var við Google maps frá þeim löndum sem að voru tekin fyrir. Þar voru helstu sérkenni landanna tekin fyrir, eins og matur, dýr og lífnaðarhættir fólksins sem býr í löndunum.

Börnunum fannst þetta mjög skemmtilegt og fræðandi verkefni. Þeim fannst mjög áhugavert að sjá í gegnum Google maps hvernig borgirnar litu út, dýralífið og hvernig daglegt líf leikskólabarna er annars staðar í heiminum. Flest elstu börnin í leikskólanum vita hvernig fáni skólafélaganna lítur út og margir fánar eru skapaðir úr plúskubbum þessa dagana.



Þetta skilaði sér vel til barnanna og hafa þau mikið talað um það hversu gaman er að fræðast um önnur lönd og að þekking þeirra hefur aukist á fánum hverrar þjóðar.

Mikið var unnið með grunnþarfir manna og hugtökin; Vatn, matur, friður, kærleiki og réttindi barna í tengslum við Barnasáttmálann.

Börnin tóku virkan þátt í því að undirbúa Barnamenningarhátíðina sem að við héldum hátíðlega á leikskólanum í apríl. Þau bjuggu til leikrit, Friðarfuglinn, sem vakti mikla kátínu meðal foreldra og annarra sem nutu sýningarinnar. Leikskólinn var skreyttur með friðarþemum og myndum af fjölskyldu og vinum barnanna í fjarlægum löndum. Við gerðum ýmis fleiri listaverk í tengslum við þetta verkefni og í lokin var uppskeruhátíð þar sem foreldrar komu í kaffi og mættu með smárétti frá sínu heimalandi. Hátíðin tókst frábærlega og allir glaðir og kátir.

Þar var rætt mikið um fjölbreytileika, þau fengu að búa til sitt eigið töfrateppi sem að þau lögðu mikla vinnu í og komu svo með hlut að heiman sem að þeim þótti sérstaklega vænt um og lögðu á teppið til sýnis fyrir gesti, börnin sögðu frá hvers vegna þessi hlutur var fyrir valinu og var gaman að heyra sögunnar á bak við hlutinn.



## Leikskólabragur:

Samskiptin á milli okkar á deildinni gengur mjög vel, við erum dugleg að hjálpast að og ræða málin okkar á milli. Mikil áhersla hefur verið lögð á að taka vel á móti nýjum starfsmönnum og finnst þeim vera gott viðmót þegar þeir byrja í nýju starfi. Öllum starfsmönnum finnst þeir vera betur upplýstir um hvað þeir eigi að vera að gera og hvað er að fara að gerast.



### Mannauður:

Okkur finnst deildarstjóri hafa staðið sig mjög vel, gott upplýsingaflæði, er hvetjandi og drífandi, leikskólastjóri tekur vinnuna sína alvarlega og er mjög sveigjanleg og hvetjandi. Leikskólastjóri hvetur fólkið sitt í að mennta sig og fara á námskeið og er dugleg að hjálpa til á gólfinu.

### Íþróttarhúsið og Klébergsskóli:

Það er mikill samgangur á milli leik og grunnskóla enda eru skólarnir ein stofnun. Elstu börnin fara einu sinni í viku upp í skóla og taka virkan þátt í því sem að er að gerast hverju sinni. Þau fara í skólástund þar sem þeim er skipt upp í tvo hópa ásamt fyrsta bekk. Kennarar hafa afnot af tveim stofum og fer annar hópurinn að vinna verkefnavinnu hjá tilvonandi kennara sínum meðan hinn hópurinn fer í Leikur að læra. Í Leikur að læra var lögð mikil áhersla á að börnin gætu talið punkta og lagt saman af tengingum, einnig var lögð mikil áhersla á samvinnu og þolinmæði. Börnin fóru í frímínútur, sjávargöngu en það er ganga sem allir grunnskólanemendur fara daglega í. Þau borðuðu í matsal skólans og voru í frístundinni. Þau fóru líka í tónmennt, lærðu texta og fengu almenna fræðslu um hljóðfæri og hvernig þau virka. Einnig fóru þau í sund einu sinni í viku með sundkennara í Klébergslaug og kennara frá leikskólanum, þar var mest verið að leggja upp úr því að þau æfðu sig að vera sjálfbjarga í fataklefanum, ásamt því að leika sér í lauginni. Okkur fannst þetta skipulag ganga mjög vel.

Íþróttarhúsið er notað af öllum börnunum á deildinni í hverri viku. Þeim er skipt upp í hópa, skólahópur fer saman, miðhópur fer með elstu börnunum af Dvergasteini og yngstu börnin á deildinni fara saman. Þeim eru kenndir leikir, samvinna og umburðarlyndi. Þau eru einnig æfð í allskonar jafnvægisæfingum og samhæfingu.

Reglulega var farið með elstu börn í menningar- og fræðsluferðir til Reykjavíkur, m.a. í Hörpu á tónleika, skoða náttúrusafnið í Perlunni, skoða alþingi, húsdýragarðinn, Bíóparadís og fleiri ferðir. Börnunum finnst þetta mjög skemmtilegt og fræðandi auk þess sem þau æfðu sig í að fara í strætó og lærðu hvernig maður hagar sér þar.



### Myndlistarskólinn:

Elstu börnin fóru í Myndlistarskólann í Reykjavík. Þar var þeim kennt að blanda liti, skapa listaverk og nota augun sína og eigin túlkun á því sem að þau upplifðu og sáu. Efniviðurinn sem að þau notuðust við var leir, timbur og blöð. Þau bjuggu til fjall úr brauðleir, máluðu það og settu inn í brennsluofn. Þau bjuggu til verkefnabækur úr blöðum, þau gerðu allskonar myndir í þessa bók. Þau bjuggu til kastala úr timbrinu, þau notuðu trélím til þess að líma það saman og vatnsliti til þess að mála timbrið. Með því að nota vatnsliti gátu þau séð æðarnar í timbrinu. Þau fengu eining kynningarferð um skólann þar sem að þeim var sýnt það helsta eins og t.d. brennsluofninn.



### Niðurstöður:

Mikil og góð afþreying, mjög fræðandi bæði fyrir börn og starfsmenn.



UMBÓTARÞÁTTUR/MATS-ÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið /aðferðir?	Viðmið um árangur
Efla starfsfólk í sjálfstæðum vinnubrögðum	Starfsfólk kynni sér þema betur og skipuleggi hópstarf betur í átt að markmiðum	Nýta undirbún-ingstíma betur	Deildar stjóri	Sept. 2023	Maí 2024	Endurmats-blöð og umræður á deildarfundum	Börnin ná þeim viðmiðum sem stefnt er á
Undirbúnings-tímar starfsfólks	Skipuleggja þá með þemu í huga	Markmið í hópstarfi unnið fram í tímann	Deildar stjóri			Umræður og stuðningur við einstaklinga og á deildarfundum	Öruggari starfsmenn

## 4 Innra mat Dvergasteins

### Árgangar 2020 og 2021

Á deildinni voru 14 börn, átta börn með íslenskan bakgrunn, hin af fjórum öðrum þjóðernum. Tungumálin sem börnin tala á Dvergasteini eru: Íslenska, rúmenska, litháenska, ungverska og pólska. Á skólaárinu 2022-2023 byrjuðu 12 börn í aðlögun. Á deildinni voru 9 börn fædd 2021 (1 árs) og 5 börn fædd 2020 (2 ára). Voru það 6 drengir og 8 stúlkur. Tvö elstu börnin fóru svo yfir á eldri deildina í maí.

Á Dvergasteini starfa fimm starfsmenn, 3 starfsmenn eru allan daginn en hinir tveir skipta með sér deginum fyrir og eftir hádegi. Alla daga vikunnar nema föstudaga eru morgunsamverustundir sem við köllum Lubba-samverur en á föstudögum er sameiginleg söngstund með Álfasteini í staðinn. Þrisvar sinnum í viku er svo skipulagt hópstarf sem hópstjórar sjá um. Á fimmtudögum (daginn sem er ekki hópstarf) vorum við með hringekju þar sem hóparnir fóru á milli hópstjóra í ca. 10-15 mín. í senn. Stöðvarnar voru að staðaldri



eftirfarandi: Markviss málörvun, sögustund, núvitundar æfingar. Þetta gekk mjög vel og höfðu börnin mjög gaman að þessu. Alla daga vikunnar eru síðan samverustundir fyrir hádegismatinn sem starfsmenn skiptast á að sjá um. Einu sinni í viku var Blær sérstaklega með í samveru barnanna fyrir hádegismat (fimmtudögum), það gekk mjög vel, en nota mætti hann enn betur í að kenna börnunum vináttu, nota kennsluspjöldin, nuddsögur og leikina sem fylgja því efni oftast (það hefur þó verið gert markvissara eftir áramót eftir að börnin voru búin að ná meiri þroska). Eitt helsta markmið okkar á deildinni var að halda áfram að efla íslenskukennslu barnanna í leikskólanum með mikill málörvun og teljum við að það hafi tekist mjög vel hjá okkur enda lögðum við ríka áherslu á margskonar málörvun eins og sjá má í útlistunum starfsins hér á eftir.

Þar sem mörg börn voru mjög ung setti það okkur nýjar áskoranir í að skipuleggja starfið og teljum við að þegar svona stór hluti hópsins er þetta ungur er enn mikilvægara að skipuleggja starfið með



svolítið breyttum áherslum fyrir og eftir áramót eins og fram hefur komið bæði í hópastarfi og samverum. Við sjáum mikinn mun á þroska og þoli barnanna í t.d. Lubba-samverum og sjáum við það skýrast á því hvernig úthald og áhugi þeirra er orðin svo miklu meiri en í haust og getum við því nú haft samverurnar lengri.

### Hópastarf

Við byrjuðum veturinn á því að vera með aldursblandaða hópa og hóparnir fóru til mismunandi hópstjóra eftir því hvaða vikudagur var, þannig kynntust börnin öllum starfsmönnum jafnt. Þetta gekk mjög vel þar sem börnin voru mjög ung og þurftu sum hver mikla þjálfun í því að vera í leikskóla og var þannig auðveldara að dreifa börnunum jafnar milli hópa til að auðveldara væri að sinna þörfum hvers og eins. Einnig gekk vel að hópstjórar skiptu um hóp daglega, hópstjóri gat þá skipulagt eitt hópþema fyrir vikuna og breytt því einungis eftir getu barnanna hverju sinni. Eftir áramót tókum við svo þá ákvörðun að nú væri kominn tími til að skipta hópunum eftir aldri til að efla þau elstu enn betur (undirbúa til að fara yfir á Álfastein) og eiga auðveldara með að skipuleggja verkefni sem hæfðu hverjum aldri. Um leið voru hópstjórar nú alltaf með sinn hóp og skipulögðu því hópastaf fyrir sinn hóp 3x í viku. Þetta fyrirkomulag gekk líka vel en það er samt umhugsunarvert hvort halda mætti fyrra fyrirkomulagi starfsfólks þó svo að hóparnir séu aldursskiptir (þ.e. að hver hópstjóri vinni með alla hópana í hverri viku í stað þess að vera með einn hóp).



Hópstjórar voru mismunandi virkir í að undirbúa starf sitt með börnunum og þarf að halda áfram að hvetja þá og efla í að hugsa um það hvað þeir eru að taka fyrir og hvers vegna. Einnig þarf að efla þá í að binda þemu leikskólans og deildarinnar inn í hópa starfið. Hluti af börnunum fékk t.d. Blæ-kennslu hjá sínum hópstjóra meðan aðrir hópar fengu það ekki eftir að hóparnir fengu ákveðna hópstjóra.

### Skipulagðar samverustundir

Fjórum sinnum í viku voru svokallaðar Lubba-samverur (sjá nánar Lubba - samverur hér neðar í greinargerð). Alla daga fyrir hádegismat voru samverustundir með margskonar málörvun og æfingum í félagsfærni, leikjum og söng. Eins og áður hefur komið fram skiptust starfsmenn á að sjá um þessar stundir og gekk það almennt vel. Hér þarf þó að passa vel upp á að starfsmenn nýti innivakt til undribúnings fyrir samveru og haldi skipulagðar samverur en láti ekki tímann renna frá sér. Komið var mjög gott skipulag á þetta í vor þar sem starfsmaður með innivakt þann daginn sá um samveru og móttöku barna úr útiveru auk þess sem sá starfsmaður þurfti ekki að sjá um bleyjuskipti til að auðvelda honum að halda utan um tíma og skipulag. Starfsmenn voru almennt ánægðir með þetta fyrirkomulag. Einu sinni í viku var síðan sameiginleg söngstund með Álfasteini þar sem allir á leikskólanum komu saman að syngja. Í þeim söngstundum voru æfð lög sem var verið að leggja inn hjá hvorri deild fyrir sig tengd þemu leikskólans auk þess sem oft voru teknir einhverjir hreyfileikir og slökun í restina, stundum var líka tekið smá dansstuð með útvarpstónlist. Þessar stundir eru alltaf skemmtilegt uppbrot og spennandi tenging við að helgin er fram undan.



### Lubba-samverur

Í þessum samverum var farið yfir hljóð/staf dagsins, orð og myndir skoðaðar sem byrja á þessum staf auk þess sem stafasöngurinn sem fylgir hverjum staf var sunginn. Við skoðuðum líka veðurfar og hvernig þyrfti að klæða sig þennan dag. Í þessum samverum æfðum við börnin einnig í að telja, það gerðum við með því að telja börnin með þeim og æfðum atkvæðaskiptingu með því að klappa nöfn barnanna. Hver vika átti sinn orðaforða banka sem lagður var inn oftast með myndum og endurtekningu. Lubbahljóð og orðaforðabankinn voru skipt í þemu og var hvert þema í tvær vikur í senn. Hluti stafsmanna skiptist á að stjórna þessum stundum og hinir sáu um að aðstoða með þau börn sem þurftu á aðstoð að halda í stundinni. Þetta gekk mjög vel og börnin voru áhugasöm sérstaklega þegar líða tók á veturinn, í byrjun var úthald mjög stutt en með tímanum tókst það og sjáum við mjög mikinn mun bæði á úthaldi og getu barnanna. Hér mætti athuga hvort allir starfmenn deildarinnar geti skipst á að sjá um stundirnar í stað hluta starfsfólks. Fyrirkomulagið gekk þó mjög vel.



### Blær

Börnin skiptust á að taka Blæ með sér heim yfir helgar og foreldrar skrifuðu í þar til gerða bók hvað var gert og settu myndir. Í samveru var börnunum sýnt það sem kom í bókina hverju sinni áður en Blær fór í næstu heimsókn. Þetta gekk vel, börnin voru glöð að fá Blæ með sér heim og þeim fannst sérstaklega gaman að sjá þegar það voru margar myndir og textinn stuttur og hnitmiðaður. Fyrir áramót fóru öll börnin í Blæ-samverur í hópastarfi við og við hjá einum af hópstjórunum og eftir áramót innleiddum við að hafa Blæ-nuddsögu á föstudögum í samveru. Það var gaman að sjá hvað börnin voru fljót að ná því þegar rútinu var haldið á þeim stundum.



### Þemu

Almennt reyndum við að tengja öll þemu hvers tíma inn í allt skipulagt starf sem við gerðum eins og hópastarf, samverur, hringekju o.s.frv.

### Haust og fjara /Félagsfærni

Þessi tvö þemu í byrjun skólaárs runnu í raun saman í eitt hjá okkur á yngri deildinni. Ástæðan fyrir því var sú að við vorum með mörg börn í aðlögun og voru þau öll á fyrsta ári



og þurftu mikinn tíma til að læra alveg á leikskólalífið. Auk þess var nýtt starfsfólk sem var að koma sér inn í starfið ásamt nýjum deildarstjóra. Þetta kom þó ekki að sök, unnið var með sjáfsvitund og samskipti í bland við náttúru og gekk það almennt vel. Við notuðum Bínu-bókina og Bínu-bingó til að hjálpa börnunum að átta sig á hvað það er að skiptast á, sitja kyrr o.s.frv. auk þess sem við vorum mjög dugleg að nota sömu hugtökin í samskiptum barnanna.



Samhliða þessu voru Blæ-leikir sem tengdust samvinnu notaðir í hópastarfinu. Við lögðum áherslu á að börnin lærðu líkamsheitin og borðsiði, öll börnin lærðu að drekka úr glasi í stað stútkönnu og byrjuðu eða næðu betri tókum á að nota hnifapör. Við fórum í stutta göngutúra (þar sem notast var



við kerrur þar sem börnin voru ekki öll fær um að fara í göngu) og skoðuðum nærumhverfið ásamt því að tala um dýrin og læra um fjölskyldur dýranna og okkar (mamma, pabbi, köttur, kettlingur). Við fórum nokkrum sinnum í drulluhornið okkar í útiveru og útbjuggum kökur og notuðum til þess drullu og ýmsan gróður sem kennari ásamt nokkrum nemendum voru búin að safna í dollur til að nota í baksturinn. Þannig kynntust börnin ólíkum áferðum um leið og þau heyrðu mismunandi heiti á jurtum sem notaðar voru. Inni bættum við aftur á móti t.d. skeljum, steinum og könglum við leik þeirra í könnunarleik. Þessi efniviður er eitthvað sem börnum finnst spennandi og skemmtilegt og gaman væri að notafæra sér það enn betur næsta vetur.



### Jólin

Í þessu þema var aðaláherslan á að börnin lærðu jólasöngva og kynna fyrir þeim ísl. hefðir í sambandi við jólin t.d jólasveinaheitin. Ásamt þessu var áherslan lögð á að útbúa jólagjafir fyrir foreldra og fönndra margskonar jólaföndur. Í desember hefur myndast sú hefð að hafa alltaf sameiginlega jólasöngstund á leikskólanum þar sem öll börnin koma saman og syngja jólalög og læra ýmislegt í tengslum við jólin. Þetta gerðum við einnig í ár og gekk það mjög vel.



### Íslenskir siðir og ævintýri



Í þessu þema tókum við fyrir íslensk ævintýri eins og Búkollu og Ástarsagan í fjöllumum ásamt Tröllasögum sem við fundum. Við skoðuðum mikið myndir af Tröllum, álfum, dvergum og huldufólki og veltum fyrir okkur hver væri munurinn á þessum verum, eru þau stór eða lítil, hrein eða skítug og verða þau að steini?

Við sungum líka mörg trölla-, álfa- og dverga-lög sem krakkarnir höfðu mjög gaman að. Lagið „Hérna koma nokkur risa tröll“ og sagan Tröllamatur voru sérstaklega vinsæl. Elstu börnin útbjuggu sitt eigið tröll úr steini, máluðu listaverk af trölli og teiknuðu mynd úr sögunni Tröllamatur. Börnin voru mjög áhugasöm sérstaklega um tröllin og það var mjög gaman að sjá hvað börnin (sérstaklega elstu börnin) voru lengi að teikna tröll á myndirnar sínar og leika og tala um tröll þó svo þemað væri yfir staðið.



Við ákváðum að nota tækifærið líka í kringum Valentínusardaginn og æfa okkur í kærleika. Fórum í leiki sem kenndu börnunum að sýna kærleika og væntumþykju (drógum t.d. hjörtu með nöfnum hvors annar og gáfum knús). Á þessu þematímabili er líka Bóndadagur og Konudagur og héldum við upp á þá með því að bjóða til okkar konum og körlum í smá sérstaka heimsókn tengda þessum dögum þar sem börnin voru búin að gera víkingakórónu og blómakórónur ásamt blómi til að gefa sínum sérstaka gesti. Á öskudaginn var svo hefðbundinn öskudagur hjá okkur þar sem kötturinn er sleginn út tunnunni og haldið öskuball þar sem öll börnin mega mæta í búningi eða náttfötum í skólann.





## Fjölmening/töfrateppið

Við ákváðum að hafa þetta þema extra langt í ár þar sem við sameinuðum það þátttöku okkar í barnameningahátíð. Í þessu þema kynntum við fyrir börnunum frá hvaða þjóðerni börnin og starfsfólkið á deildinni er og þau æfðu sig í að þekkja þjóðfána þessara landa. Við sýndum börnunum hvernig við erum öll öðruvísi og eins á sama tíma ( t.d. öll með hár og augu en ekki endilega eins á litinn) kynntum fyrir þeim hvernig litarhaft fólks getur verið mismunandi, lögun, stærð o.s.frv. Við lögðum mikla áherslu á vináttu og það að allir geti verið vinir sama hvernig þeir líta út, hvernig þeir tala og fleira. Öll börnin á leikskólanum útbjuggu í sameiningu eitt stór vinatré þar sem börn, foreldrar og kennarar festu á myndir af vinum sínum frá ýmsum heimshornum.

Börnin á Dvergasteini skreyttu stofn trésins: börnin gegnu á pappír eftir að hafa stigið í málningu og mynduðu myndir á trjábolinn.

Þetta fannst börnunum mjög skemmtilegt, að fá að vera á bleyjunni einni saman og mála með fótunum. Öll börnin á deildinni máluðu einnig laufblöð sem skrifað var á hver væri vinur þeirra og hverja þeim þykir vænt um, þessi lauf voru síðan hengd á tréð. Samhliða þessu vorum við að leggja inn skilning á orðum og orðasamböndum eins og: vináttu, þykja vænt um, fyrirgefningu, gera saman og skiptast á. Við æfðum einnig mörg vinalög og tókum upptöku af börnunum að syngja þau til að sýna foreldrum. Þetta voru söngvar eins og: við erum vinir, við erum dropar, ég sendi þér fingurkoss, komdu til mín o.fl. Öll börnin gerðu einnig sína eigin friðarjörð (kúla úr pappamassa með fræjum inni í). Foreldrar, með börnunum sínum, merktu inn á heimsmynd (sem kennarar útbjuggu) hvar í heiminum þeir ættu skyldmenni og vini.



Þetta gerðum við til að auðvelda börnunum að sjá að við eigum vini út um allan heim, börnin á okkar deild voru samt sem áður ekki mikið að skoða þetta en tóku að sjálfsgöðu þátt og hver veit nema þetta smjúgi inni í einhverja undirmeðvitund. Þemanu lauk með mikill uppskeruhátíð þar sem foreldrum og öðrum var boðið að koma í heimsókn og sjá sýningu á verkum barnanna ástamt söng og leiksýningu. Í leiksýningunni léku börnin á Dvergasteini sjóinn og vindinn (þau gengu yfir sviðið með mismunandi slæður á priki). Þau stóðu sig eins og hetjur þó svo þeim hafi þótt afar erfitt að fara frá mömmu og pabba til að taka þátt í sýningunni. Það væri því sniðugra að byrja svona opið hús á sýningunni sem á að sýna í upphafi opins húss (áður en foreldrar sækja börnin, foreldrarnir kæmu eingöngu og gerðu sig klár til að horfa á sýninguna) til þess að börnin þurfi ekki að fara aftur frá foreldrum sínum eftir að vera sótt. Eftir sýningu sækja foreldra börnin og skoða með þeim sýninguna. Í heildina var þetta þema mjög skemmtilegt og tókst vel.

## Náttúran/Fjörulallar

Hér lögðum við mikla áherslu á útiveru, kenna börnunum heiti á fuglum og plöntuheitum og söngva tengdu vori og sumri. Við æfðum börnin í að þekkja fuglana með því að sýna þeim myndir og hlusta á hljóðin þeirra á fuglavefnum. Öll börnin fóru í göngutúr að



skoða fugla og notuðum við líka hvert tækifæri með börnunum úti til að skoða hvaða fugl væri hvað ef við sáum fugla. Börnin voru mjög áhugasöm og höfðu bæði starfsfólk og börn mjög gaman að þessum fróðleik. Við tókum einnig fyrir að kenna þeim plöntuheitum á plöntum sem vaxa hér í nágrenninu og voru börnin einnig mjög áhugasöm að skoða



plönturnar. Elstu börnin fóru t.d. út að skoða og finna plönturnar sem þau eru búin að læra um og seinna fengu þau að prufa að nota náttúruna í listsköpun (lita gult með fífil, mála með drullu o.s.frv.).

### Sköpun

Almennt var skipulögð sköpun tekin fyrir í hópstarfsstundum auk þess sem börnin fá reglulega að teikna og klippa inni á deild auk annara efniviða sem bíður upp á opna sköpun s.s. kubbar, pasta, dollur. Hversu fjölbreytt sköpunin er í hópstarfinu fer því mikið eftir hópstjóra og mætti virkja hópstjóra betur í fjölbreytileika verkefna í listaskála (það getur verið að það þurfi betri fræðslu fyrir hópstjóra í þessu efni sérstaklega sökum þess hve ung börnin eru ), algengasta verkefni barnanna var að mála. Fyrir jólin útbúa einnig öll börnin fyrirfram ákveðna jólagjöf með aðstoð kennarans auk jólakorts.



### Núvitund

Öll börnin fóru í skipulagðar núvitundar æfingar einu sinni í viku (hringekju). Þar æfðu þau sig að anda djúpt, sitja kyrr (indíánasæti), gera margskonar æfingar sem oft voru tengdar dýra-æfingum og öndun, einbeita sér að því að fylgjast með (töfra-glimmerkrukka), slaka á og margt fleira. Börnin voru mjög áhugasöm og vildu alltaf fara í þessar stundir og nutu sín vel. Það er því jafnvel spurning hvort leiða megi þetta eitthvað frekar inn í starfið.



### Bleyjuskipti

Þessari deild fylgja mikil bleyjuskipti og því mikilvægt að skipuleggja vel hvenær og hverjir eiga að sjá um þau hverju sinni. Auk þess sem verið er að æfa börn að hætta með bleyju og því fylgja tíðar klósett- og koppaferðir. Sökum þess að margt starfsfólk er viðkvæmt í baki ákváðum við að fara nýja leið í ár með því að skipta þessu á milli okkar. Í stað þess að skipta með okkur dögum þá skiptum við með okkur börnunum hverju sinni (eftir því hversu mörg börn eru mætt) og allir deila með sér fjölda barnanna þegar skipta þarf á öllum, eins fyrir hádegismat. Í lok skólaársins tókum við þó þá ákvörðun að sá starfsmaður sem sér um hádegissamveru þann daginn er ekki í bleyjuskiptum til þess að hann geti haldið betur utan um krakkahópinn og tímasett samveruna betur. Þetta fyrirkomulag hefur reynst vel þó svo það hafi tekið okkur svolíttinn tíma að tileinka okkur það en á þennan hátt finnst okkur ekki koma eins mikið álag á eina manneskju yfir daginn auk þess sem þetta leysir vandann hver á að skipta á ef einhver starfsmaður er frá (þá deilast eingöngu fleiri börn á hvern í stað þess að einhver sé að taka að sér daginn fyrir þann sem vantar). Einnig komumst við að því samkomulagi að þegar um er að ræða önnur bleyjuskipti (utan álagstíma) þá einbeitum við okkur að því að ræða saman, í stað þess að gera ráð fyrir að ef einn starfsmaður er að skipta á barni þá eigi hann að halda áfram með næsta. Við erum því að temja okkur það að spyrja vilt þú taka líka þennan eða á ég að taka við í stað þess að gera ráð fyrir að viðkomandi haldi áfram með næsta barn. Á þennan hátt viljum við koma á meira jafnvægi. Þetta hefur verið mikil vinna að finna út úr en við teljum þetta vera komið í gott horf núna og vonandi að þetta samstarf gangi áfram vel.



UMBÓTA- ÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
Hópstarf	Fjölbreytta ra starf og innleiða betur þemu	Gera skriflegar áætlanir fyrir hópastarf	Deildar -stjóri og hópstjó rar	Sept. 2023	Maí 2024	Skila inn áætlun á deildar- fundum og fara yfir hvernig fyrri áætlun gekk.	Að allir hópstjórar geri sér grein fyrir hvaða nám þeir eru að kenna börnunum hverju sinni og setji metnað sinn í það.
Þema vinna	Að þemað hverju sinni sé þrætt inni allt starfið	Ræða og undirbúa þemu fyrir fram á deildarfund- um og í undirbúning	Deildar starfs- menn			Vinna metin á deildar- fundum	Að stafsfolk sýni skipulag, verk og eða myndir sem tengjast þema hverju sinni.
Starfsandinn/ samskipti	Að fólk ræði meira saman bæði um starfið og líðan	Heilsa hvort öðru að morgni og láta vita hvernig okkur líður ef það á við. Spyrja hvort annað um dagleg störf á deildinni.	Deildar -starfs- menn			Almenn líðan rædd á deildar- fundum	Að öllum líði vel og treysti sér til að ræða saman um starfið og eigin líðan. Spurning um að hafa litla krossakönnun 3 x yfir skólaárið (haust, áramót, vor)
Móttaka nýs starfsfólks	Að starfmaður finni að hann sé velkominn og sé leiddur inn í starfið	Þjóðum hann velkominn og notum gátlistann vegna móttöku nýrra starfsmanna	Deildar -stjóri			Samtal við starfsmann aok þess að fara yfir gátlista nýrra starfsmanna ásamt starfsmanni	Að starfsmaður finni sig velkominn, komist vel inn í starfið og líði vel



Opinn efniviður	Að hafa meiri aðgengi að opnum efnivið t.d. úr náttúrunni .	Börnin taka þátt í að finna efniviðinn í fjörunni og umhverfinu (og heimili) okkar og nýti hann í starfi	Deildar starfs- menn, foreldr ar og börn			Undirbúningur og skráningar.	Skoða efnivið sem kominn er á deild og hópastarfs-áætlanir
-----------------	---	--	--	--	--	------------------------------	--

### Aðrir uppbrotsleikir sem vert er að nefna



Okkur finnst vert að nefna það að börnin hafa oft fengið að sulla inni á baði hjá okkur. Sull-leikur er mjög skemmtilegur og þá fá börnin að vera á bleyjunni einni saman og leika og sulla. Rætt hefur verið um hvort ræða ætti jafnvel við foreldra að koma stöku sinnum með sundföt fyrir þessar stundir og geta þá tekið þær skrefinu lengra með t.d. að leyfa börnunum að fara ofan í balana að sulla. Könnunarleikir eru mjög oft á



boðstólum hjá okkur bæði í frjálsum leik og einnig sem þessi skipulagði könnunarleikur. Slíkan efnivið una börnin vel við og kanna og læra margskonar hluti, hvort sem það er með aðstoð kennara sem setur orð á gjörðir þeirra eða þau sjálf að kanna efniviðinn. Í vetur fengu börnin einnig nokkrum sinnum að kanna klaka, bræða hann, mála, höggva o.s.frv. Við vorum þá búin að frysta stór kalastykki með mismunandi tilgang í huga hverju sinni. Pasta- og spaghettí-leikir hafa einnig verið vinsælir. Bæði hafa börnin fengið mikið magn af pasta sem þeim finnst gaman að grafa í og setja í dollur, hlusta á hljóðið sem myndast þegar því er hellt eða hrist o.s.frv. auk þess sem við höfum litað/soðið spaghettí og sett í stórt kar og leyft þeim að uppgötva og finna hvað áferðin er skrýtin. Þetta er hluti af skynjun sem er alltaf stór partur af starfinu og gætum við haldið áfram að nefna leiki þar sem við æfðum skynfærin t.d. eins og hljóðfæri sem við tókum reglulega með í samverum, pappamassagerð, leirmótun, leik að ljósum og svona mætti lengi telja.



### Menning

Margskonar menning þræðist inn í allt starfið okkar eins og sjá má : fjölmenningsþema, íslenskir siðir, jólamenning og fleira sem sjá má ef lesið er yfir hér á undan.



## 5 Innra mat sérkennslu

### Mat á sérkennslu 2022-2023

<b>Skipulagning sérkennslu 2022-2023</b> Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar? Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?	Við vinnum eftir hugmyndafræði TEACCH þar sem myndir eru notaðar til að hjálpa börnum sem þurfa á sérkennslu að halda. Þau fá einstaklingsnámskrá og fara í vinnustundir bæði ein og líka með vinum. Skráningar eru ýmist daglega eða vikulega. Einnig er unnið með málörvunarhópa í vinnustundum eða inni á deild.
<b>Hvaða matsgögn voru notuð?</b> Hér er vísað í TRAS, AEPS, HLJÓM-2 og fl.	TRAS, AEPS, HLJÓM-2, EFI-2, Orðalistar og ýmis verkefni sem efla orðaforða.
<b>Hvaða námsefni var notað?</b> Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?	Þrír starfsmenn fóru á EFI – 2 námskeið og keypt voru leikföng og spil í sérkennslu.

### Umbótaáætlun sérkennslu 2023-2024

UMBÓTAPÁTTUR /MATSPÁTTUR	Tæki- færi til um- bóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Starfsmenn fara meira inn í frjálsa leiki barnanna	Nýta tímann þegar frjálstar stundir eru	Starfsmenn hjálpi börnunum í leiknum og kenni þeim samskipti	Sérkennslu stjóri, deildarstjóri og stuðningsaðilar	Sept 2023	Maí 2024	Með skráningum, hvaða leikur var, hvaða félagar, hvernig gekk og hvaða framfarir eru	Börnin læri meira í samskiptum og geti leikið sér í frjálsum leik án stýringar starfsmanna



## 6 Innra mat – fjöltyngd börn

### Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022 -2023

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Keypt voru spil, fönðurvara og launakostnaður
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Við vinnum með <i>Gefðu 10</i> . Tækifæri sem gefast eru gripin í spjall við börnin bæði í einstaklingsumræðu eða í hóp með fleiri börnum. Markvisst spilað einu sinni á dag með börnum sem hafa annað móðurmál.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Framhaldsögur lesnar fyrir elstu börn þar sem kafað er í orð og merkingu þeirra. Við matarborðið er markvisst unnið með orðaforða, rím og fleira. Unnið með börnin í minni hópum þar sem áherslan er á markvissa málörvun, orðalisti lagður til grundvallar til að halda utan um það sem verið er að vinna með.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	TRAS og mánaðarlegar skráningar úr hópavinnu. Áætlanir eru gerðar fyrir hvert barn og eða hóp barna sem fara saman í málörvunarstundir.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Tækifæri eru gripin og mikið spilað með börnunum þar sem markmiðið er að auka orðaforða og skilning þeirra á tungumálinu. Það hefur bæði verið unnið með þau inni á deild og í litlum hópum. Starfsmenn útbjuggu teygjur með nöfnum barnanna á sem þeir útteildu sín á milli. Þannig var komið í veg fyrir að einhver börn gleymdust.

### Umbótaáætlun – fjöltyngi 2023-2024

UMBÓTA- ÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferð- ir?	Viðmið um árangur
Markvissari málörvun	Skipuleggja málörvun- arstundir betur	Orðalistar og skráningar, hlutum fylgt betur eftir	Sérkennslu stjóri og deildar- stjórar	Sept. 2023	Maí 2024	Tras, Hljóm og Efi -2	Útfylltir orðalistar og skráningar um framför, niðurstöður úr skimunum



## 7 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Tekin voru starfsviðtöl fyrir og eftir áramót við alla starfsmenn síðastliðið skólaár og starfsmannamál rædd á starfsdögum. Markmiðið var að heyra hvernig starfsmönnum liði í vinnunni og hvað betur mætti fara. Niðurstöður samtalanna voru notaðar til að rýna starfsemina, bæta aðstöðu og líðan starfsfólks í vinnunni.

Starfsmenn voru duglegir að fara á ýmis námskeið síðastliðið skólaár. Nokkrir starfsmenn yngri deildar fóru á ráðstefnuna Yngstu börn í leikskóla sem haldið var þann 22. sept. síðastliðinn. Einn starfsmaður fór á APES námskeið. Tveir stuðningsaðilar fóru á i-pad námskeið þar sem þeim voru kenndir ýmsir leikir sem hjálpa börnum í málörvun. Tveir starfsmenn fóru á Tras-námskeið og deildarstjórar og aðstoðarleikskólastjóri fóru á stjórnunarnámskeið. Þrír starfsmenn fóru á íslenskunámskeið og tveir starfsmenn fóru á Eflingarnámskeið 1, annar þeirra hélt áfram á Eflingarnámskeiði 2. Tveir starfsmenn hefja nám í leikskólakennarafræðum við HÍ í haust.

## 8 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Mikið samstarf er á milli leik-, grunnskóla og frístundarinnar á Klébergi enda sameinuð stofnun. Það eru starfsmenn sem vinna á báðum skólastigum. Starfsdagar leik- og grunnskólans eru allir sameiginlegir á skóladagatölunum, þrír þeirra eru einnig sameiginlegir með leik- og grunnskólum í Grafarvogi.

Unglingar úr Klébergsskóla geta valið að koma í leikskólann sem val í námi sínu á vissum tímabilum yfir veturinn. Við vorum svo heppinn að fá til okkar vaskan hóp unglunga bæði fyrir og eftir áramót, þá mæta þau til okkar einu sinni í viku yfir sex vikna tímabil. Það er mjög gaman að fá þau til okkar og þau tala líka mikið um það þegar þau voru í leikskólanum.

Við samnýtum húsnæðið mikið. Leikskólabörnin fara í íþróttahúsið í hverri viku og elstu börn hafa tækifæri á að fara í sund einu sinni í viku með sundkennara. Elstu börn leikskólans fara líka einn dag í viku í Klébergsskóla, þar sem þau taka þátt í öllu starfi skólans. Þau fara í kennslustund, frístundastarf í frístundaheimilinu Kátakoti, ganga *sjávargöngu* með fyrsta bekk og borða í matsal skólans. Þetta hjálpar þeim mikið þegar þau hefja grunnskólagönguna því þau þekkja umhverfið, starfsfólk, reglur skólans og eru sjálfbjarga í sundklefanum.





Á hverju vori sameinast elstu börnin í leikskólanum og börn í 1. bekk og gróðursetja tré í Barnalundinum og útikennslustofunni okkar hér á Kjalarnesi. Þetta er skemmtilegt nærumhverfisverkefni og trén eru farin að dafna vel. Á meðan starfsemi er í leikskólanum og sumarfrístundinni fara börnin og vökva trén sem þau gróðursettu. Það eru líkur á að lítið þurfi að vökva í vor því mikil bleyta er í jarðveginum eftir allar þessar rigningar undanfarið.





Útskrift elstu barna úr leikskólanum fer fram í sal Klébergsskóla en þar er svið og nóg pláss fyrir alla. Þar eiga aðstandendur góða stund og geta í leiðinni kíkt í kennslustofur barnanna og frístunda-heimilið svo þeir þekki til skólans þegar barnið þeirra hefur skólagöngu þar.



Leikhópurinn Lotta kom til okkar í haust og nutu bæði grunn- og leikskólabörn þess að horfa á sýninguna en sýningin var keypt fyrir styrk sem foreldrafélögin sóttu um.



Auk alls sem hér er upptalið er mikil samvinna varðandi Grænfánaverkefnið enda sama þema á báðum skólastigum og öll almenn stefnumótun sem viðkemur starfi og starfsfólki. Við erum öll saman eitt samfélag á Klébergi.



## Yfirlit yfir viðburði 2023 - 2024

Mánuður	Viðburður	Staður	Ábyrgð
21.08 / 2.10 / 24.11 6.02 / 24.04 / 17.05	Sameiginlegur starfsdagur	Kléberg	Skólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri
September 2023 og febrúar 2024	Val Klébergsskóli	Berg	Skólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri
September 2023 fram að vori 2024	Elstu leikskólabörn í reglulegar heimsóknir í Klébergsskóla / sundnámskeið og Kátakot	Klébergsskóli	Skólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri
September	Grænfánafundur	Elstu börn í leikskóla og nemendur í Klébergsskóla	Aðstoðarleikskólastjóri
September / Febrúar	Matarsóunarvikur	Berg og Klébergsskóli	Aðstoðarleikskólastjóri
Nóvember	Hrekkjavaka	Kátakot	Deildarstjóri
Desember	Jólaball og föndur	Klébergsskóli / Berg	Deildarstjóri
Janúar 2024	Grænfánafundur	Klébergsskóli	Aðstoðarleikskólastjóri
Maí	Gróðursetning	Barnalundur	Deildarstjóri og kennarar í Klébergsskóla
Maí	Þemadagar	Berg og Klébergsskóli	Skólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri
Maí 2024	Útskrift elstu barna úr leikskóla	Klébergsskóli	Skólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri

## 9 Foreldrasamvinna

Skólaráð grunnskólans og foreldraráð leikskólans er sameinað ráð sem fundar reglulega samkvæmt starfsáætlun sem ráðið setur í upphafi skólaárs. Í foreldraráðinu sitja tveir foreldrar barna í leikskólanum en alls eru fjórir kraftmiklir foreldrar í foreldrafélaginu á Bergi. Félagið var duglegt að finna leiðir til fjáröflunar og stóðu m.a. fyrir því að vegleg kubbagjöf barst leikskólanum frá kvenfélaginu í Kjósinni. Foreldrafélagið bryddaði líka upp á nýjungum í uppákomum í leikskólanum eins og jólaföndri og í haust ætlum við að hafa veglegan haustfagnað. Félagið bauð líka öllum börnum, foreldrum og systkinum frítt í sveitaferð í vor en leikskólinn útvegaði pylsur og meðlæti. Ferðin var á sólardegi og heppnaðist frábærlega. Foreldrarnir tóku fullan þátt í innra mati og er dýrmætt að fá þeirra skoðanir svo hægt sé að laga betur það sem þarf að laga. Það er mikill styrkur fyrir leikskólann að hafa sterkt og gott foreldrafélag.



# 10 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

## 10.1 Fylgiskjal 1

Samband íslenskra sveitarfélaga



### Leikskóladagatal 2023 - 2024

Nafn skóla:

Leikskólinn Berg

	AGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MÁRS	APRÍL	MÍJ	JÚNÍ	JÚLÍ
1. D	Sunnudagur	1. S	1. S	1. Míjaföstudagur	1. F Fúvestudagur	1. Míjaföstudagur	1. F Blár áttíðil	1. F	1. M Ánarr í Pállum	1. M Vetráryfisdagurinn	1. L	1. M
2. M	2. L	2. M <b>Starfsdagur</b>	2. Míjaföstudagur	2. F Vasalföstudagur	2. L Rímeyja	2. Þ	2. F	2. L	2. Þ Blár sokkar	2. F	2. S Sjómennsdagurinn	2. Þ
3. S	3. S	3. Þ	3. F Vasalföstudagur	3. Míjaföstudagur	3. M	3. M	3. L	3. S	3. M	3. F	3. M Föstudagurinn	3. M
4. F	4. M	4. M	4. M	4. F	4. M	4. F	4. S	Tónarstjopi	4. F	4. L	4. Þ	4. F
5. L	5. Þ	5. F	5. S	5. S	5. Þ	5. S	5. M	5. Þ	5. F	5. S	5. M	5. F
6. S	6. M	6. F	6. M	6. M	6. L	6. L	6. M	6. M	6. L	6. M	6. F	6. L
7. Míjaföstudagurinn	7. F	7. L	7. F	7. Þ	7. F	7. S	7. M	7. F	7. S	7. Þ	7. F	7. S
8. Þ Óþrum áttíð e. sumarkúrn	8. F	8. S	8. S	8. Míjaföstudagurinn	8. F	8. M	8. F	8. F	8. M Föstudagurinn	8. M	8. L	8. M
9. M	9. L	9. M	9. F	9. F	9. L	9. Þ	9. F	9. L	9. Þ Föstudagurinn	9. F	9. S	9. Þ
10. F	10. S	10. Þ	10. S	10. S	10. S	10. M	10. L	10. S	10. M	10. F	10. M	10. M
11. F	11. M	11. M	11. M	11. L	11. M	11. F	11. S	Dagur í skólans	11. F	11. L	11. Þ	11. F
12. L	12. Þ	12. F	12. S	12. S	12. Þ	12. F	12. M	12. M	12. F	12. S	12. M	12. F
13. S	13. M	13. M	13. M	13. M	13. M	13. L	13. Þ	13. M	13. L	13. M	13. F	13. L
14. L	14. F	14. F	14. F	14. Þ	14. F	14. S	14. M	14. M	14. S	14. Þ	14. F Summartíð	14. S
15. Þ	15. F	15. F	15. S	15. M	15. F	15. M	15. F	15. F	15. M	15. M	15. L	15. M
16. M	16. L	16. M	16. M	16. F	16. F	16. Þ	16. F	16. L	16. Þ	16. F	16. S	16. Þ
17. F	17. S	17. Þ	17. F	17. F	17. S	17. M	17. L	17. S	17. M	17. F	17. M	17. M
18. F	18. M	18. M	18. L	18. L	18. M	18. F	18. S	18. M	18. F	18. L	18. Þ	18. F
19. L	19. Þ	19. F	19. F	19. S	19. M	19. F	19. Þ	19. M	19. F	19. S	19. M	19. F
20. S Úrvefjand	20. M	20. F	20. F	20. Míjaföstudagurinn	20. M	20. L	20. Þ	20. M	20. M	20. M	20. F	20. L
21. Míjaföstudagurinn	21. F	21. L	21. L	21. Þ	21. F	21. S	21. M	21. F	21. S	21. Þ	21. F	21. S
22. Þ	22. F	22. F	22. S	22. M	22. F	22. M	22. F	22. F	22. M	22. M	22. L	22. M
23. M	23. L	23. M	23. M	23. F	23. L	23. M	23. F	23. L	23. F	23. F	23. S	23. Þ
24. F	24. S	24. Þ	24. F <b>Starfsdagur</b>	24. F	24. S	24. M	24. L	24. S	24. M	24. F	24. M	24. M
25. F	25. M	25. M	25. L	25. L	25. M	25. F	25. S	25. M	25. F	25. L	25. Þ	25. F
26. L	26. Þ	26. F	26. F	26. S	26. M	26. F	26. M	26. M	26. F	26. S	26. M	26. F
27. S	27. M	27. F	27. F	27. M	27. L	27. L	27. M	27. M	27. L	27. M	27. F	27. L
28. M	28. F	28. F	28. L	28. M	28. F	28. S	28. M	28. F	28. Þ	28. M	28. F	28. S
29. Þ	29. F	29. F	29. S	29. M	29. F	29. M	29. F	29. F	29. M	29. F	29. L	29. M
30. M	30. L	30. M	30. M	30. F	30. L	30. Þ	30. L	30. L	30. F	30. F	30. S	30. Þ
31. F			31. Þ	31. M	31. S	31. M	31. S	31. S	31. F	31. F		31. M

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrjú þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfélks eða rísdagar nemenda í grunnskólum en hinir þrjú geta verið ýmist hálfr dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Börn sem dvelja í leikskólum heyrskvirkuborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumariyeri. Leikskólagjöld skilgreina, að hluta samræði við starfsmenn og foreldrarab viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opin allt sumari eða loki samfellt í tóu til tuttugu virka daga. Steina skóla- og frístundasviðs er að hverju hverti skólastjómendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.

## Starfsáætlun 2023 – 2024 Leikskólinn Berg

### Umsögn foreldraráðs

Foreldrafélag leikskólans Bergs hefur fengið starfsáætlun leikskólans Bergs fyrir árið 2023-2024 til yfirlstrar og lýsir foreldrafélagið yfir ánægju sinni með starfsáætlunina sem er ítarleg og vel unnin. Það má vel sjá í daglegu starfi að unnið var eftir starfsáætlun síðasta árs; mikill metnaður og fagmennska ríkir í starfinu og vilji til að gera enn betur. Starfsandinn virðist mjög góður og vilji til að bæta við sig þekkingu í starfi sömuleiðis.

Í daglegu starfi er unnið vel eftir starfsáætlun. Gaman er að sjá að hagur barnanna er ávallt hafður að leiðarljósi sem sýnir sig t.d. vel í innleiðingu hugmyndafræðinnar um *Vaxandi hugarfar*; sem hvetur börnin áfram með jákvæðri og kærleiksríkri hvatningu og aga. Málörvun, sköpun og menningu er almennt sinnt vel en langar okkur sérsaklega að hrósa verkefnum Töfrateppi og undirbúningi og uppskeruhátíð tengd Barnamenningarhátíð. Þessi verkefni fjalla bæði um fjölmenningu, frið og fjölbreytileika. Það er frábært að kynna börnin fyrir öðrum menningarheimum með öðrum siðum og venjum, þar sem þau kynnast börnum frá öðrum löndum og læra um menningu og siði þeirra landa.

Áfram er unnið vel í allri Grænfánavinnu og ánægjulegt að í vetur hlaust viðurkenning *græn skref í rekstri*.

Foreldrafélagið þakkar fyrir frábært og faglegt starf í vetur og hlökkum við til að fara inn í næsta skólaár á leikskólanum Bergi.

Fyrir hönd foreldrafélag leikskólans Bergs,

Alfa Freysdóttir



## Foreldraráð leikskólans skipa:

Alfa Freysdóttir

Brynja Baldursdóttir

Elísa Rún Erlendsdóttir

Ólöf Ósk Guðmundsdóttir

## Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu

Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felast í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.



Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.

### **Mat á leikskólastarfi**

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

### **Hlutverk foreldraráðs**

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfi.

### **Umsögn foreldraráðs:**





